

# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 12  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/471*  
*komudagur 4.12.2002*

Reykjavík 4. desember 2002.


**Efni: Umsögn um breytingatillögur við 324. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.**

Sjómannasamband Íslands fagnar því að persónuafsláttur vegna skattlagningar tekna ársins 2003 skuli hækkaður umfram það sem þegar var ákveðið í lögum nr. 149/2000. Samkvæmt breytingartillögunni hækkar persónuafsláttur nokkurn veginn í takt við almenna launabreytingu milli áráanna 2002 og 2003. Kauptrygging og kaupliðir hjá sjómönnum innan Sjómannasambands Íslands hækka um 3,4% þann 1. janúar 2003 (3% skv. gerðardómi og 0,4% skv. samningi ASÍ og SA frá 13. des. 2001).

Sjómannasamband Íslands gerir hins vegar alvarlega athugasemd við að ekki virðist gert ráð fyrir því í breytingartillögunni að sjómannaafsláttur hækki eins og persónuafsláttur. Fram til þessa hefur sjómannaafsláttur tekið sömu breytingum og persónuafsláttur og ætlast Sjómannasamband Íslands til þess að svo verði einnig nú. Sjómannaafsláttur er 712 kr. á dag vegna ársins 2002 og ætti að fara í 735 kr á dag árið 2003 miðað við að hann hækki eins og persónuafsláttur.

Sjómannasamband Íslands tekur ekki afstöðu til breytingartillögu um fyrningarreglur, þar sem ekki liggja fyrir forsendur hjá sambandinu til að meta áhrif breytingarinnar.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson